

Umsækjandi

Nafn:	Kennitala:
-------	------------

Umbeðin lánsfjárhæð:

Fjárhæð í krónum (hámark 49.000.000 kr.):

Umbeðinn lánstími:

Lánstími í mánuðum (hámark 72 mánuðir):

Umsækjandi óskar hér með eftir stuðningsláni með ríkisábyrgð á grundvelli laga nr. 130/2024 um stuðningslán til rekstraraðila í Grindavíkurbæ vegna jarðhræringa á Reykjanesskaga með fjárhæð og lánstíma samkvæmt ofanskráðu.

Forsendur stuðningslána:

Starfsstöð í Grindavík:

Var umsækjandi með fasta starfsstöð í Grindavíkurbæ 10. nóvember 2023?	☐ Já ☐ Nei
--	--

Tekjuforsendur:

Til þess að eiga kost á stuðningsláni þurfa tekjur umsækjanda á samfelldu 60 daga tímabili frá 10. nóvember 2023 til 10. október 2024, að hafa verið a.m.k. 40% lægri en á sama tímabili árin 2022 og/eða 2023 vegna jarðhræringa á Reykjanesskaga. Ennfremur þurfa tekjur umsækjanda á rekstrarárinu 2022 að hafa verið að lágmarki 15 millj. kr. og að hámarki 1.500 millj. kr.

Hverjar voru tekjur umsækjanda á rekstrarárinu 2022:	kr. _____
Tímabil sem eru borin saman:	_____ (60 daga tímabil milli 10. nóvember 2023 og 10. október 2024)
	og _____ (sama tímabil 2022 og/eða 2023)
Hver var lækkun á tekjum umsækjanda milli framangreindra tímabila:	_____ %

Vegna annarra skilyrða:

Hefur umsækjandi greitt út arð, óumsamda kaupauka, keypt eigin hlutabréf, greitt af víkjandi láni fyrir gjalddaga eða veitt eigendum eða nákomnum aðilum lán eða aðrar greiðslur sem ekki voru nauðsynlegar til að viðhalda rekstri og rekstrarhæfi umsækjanda eftir 10. nóvember 2023?	☐ Já ☐ Nei
Er umsækjandi í vanskilum með opinber gjöld, skatta og skattsektir sem komnar voru á eindaga fyrir 10. nóvember 2023?	☐ Já ☐ Nei
Voru álagðir skattar og gjöld byggð á áætlunum vegna vanskila á skattframtölum og skýrslum, þ.m.t. staðgreiðsluskilagreinum og virðisaukaskattsskýrslum, til Skattsins síðastliðin þrjú ár?	☐ Já ☐ Nei
Hefur umsækjandi staðið skil á ársreikningum, upplýst um raunverulega eigendur og staðið skil á skýrslu um eignarhald á CFC-félagi (ef við á) síðastliðin þrjú ár?	☐ Já ☐ Nei
Hefur rekstraraðili verið tekinn til slita eða bú hans tekið til gjaldþrotaskipta?	☐ Já ☐ Nei

Gögn sem umsækjandi þarf að láta fylgja með umsókn:

- Samanburður á tekjum á tveimur 60 daga tímabilum.
- Ársuppgjör 2024, ef ársreikningur 2024 liggur ekki fyrir.
- Önnur gögn til útskýringar ofangreindum forsendum.

Almennir skilmálar vegna umsóknar um stuðningslán

Hámarksfjárhæð og endurgreiðsla

Stuðningslán getur numið allt að 20% af tekjum umsækjanda á rekstrarárinu 2022. Hafi umsækjandi hafið starfsemi eftir 1. janúar 2023 skal umreikna tekjur þann tíma sem hann starfaði til 10. nóvember 2023 á ársgrundvöll. Umsækjandi getur fengið allt að tvö stuðningslán ef hann uppfyllir skilyrði fyrir lánveitingu en samanlögð fjárhæð stuðningslána til hvers lántaka getur þó að hámarki orðið 49.000.000 kr., óháð fjölda lána. Ríkissjóður ábyrgist 90% af fjárhæð stuðningsláns, auk vaxta í sama hlutfalli. Sé umbeðin lánsfjárhæð umfram þessi viðmið miðast lánveiting við það hámark sem á við um umsækjanda samkvæmt framansögðu. Stuðningslán er óverðtryggt og ber vexti sem eru jafnháir vöxtum af sjö daga bundnum innlánum lánastofnana hjá Seðlabanka Íslands hverju sinni.

Lánstími stuðningslána skal að hámarki vera 72 mánuðir. Stuðningslán, að meðtöldum vöxtum, skal að jafnaði endurgreitt með jöfnum greiðslum síðustu 36 mánuði lánstímans, með fyrirvara um vanefndaúrræði lánastofnunar. Lántaka er heimilt að greiða upp eða inn á stuðningslán án uppgreiðsluþóknunar hvenær sem er á lánstíma.



um stuðningslán til rekstraraðila í Grindavíkurbæ skv. lögum nr. 130/2024

Ofgreiðsla

Komi til þess að umsækjandi fái afgreitt stuðningslán umfram það sem hann átti rétt á ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var með áföllnum vöxtum skv. 12. gr. laga nr. 130/2024.

Skilyrði

Einstaklingar og lögaðilar sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í Grindavíkurbæ, hófu starfsemina fyrir 10. nóvember 2023 og bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 1. eða 2. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, geta sótt um stuðningslán skv. lögum nr. 130/2024. Undanskildir eru opinberir aðilar, svo sem stofnanir, byggðasamlög og fyrirtæki í eigu ríkis eða sveitarfélaga.

Veiting stuðningslána er jafnframt háð því að umsækjandi uppfylli eftirfarandi skilyrði:

- Umsækjandi var með fasta starfsstöð í Grindavíkurbæ 10. nóvember 2023.
- Tekjur umsækjanda á 60 daga samfelldu tímabili frá 10. nóvember 2023 til 10. október 2024 voru a.m.k. 40% lægri en á sama 60 daga tímabili árin 2022 og/eða 2023 og lækkunina má rekja til áhrifa af jarðhræringum á Reykjaneskaga. Hafi umsækjandi hafið starfsemi það seint að ekki sé unnt að bera saman tekjur umsækjanda á sama 60 daga tímabili bæði ár skulu tekjur umsækjanda á 60 daga samfelldu tímabili frá 10. nóvember 2023 bornar saman við meðaltekjur hans á 60 dögum frá því að umsækjandi hóf starfsemi til 31. október 2023.
- Tekjur umsækjanda á rekstrarárinu 2022 voru að lágmarki 15 millj. kr. og að hámarki 1.500 millj. kr. Hafi umsækjandi hafið starfsemi eftir 1. janúar 2023 skal umreikna tekjur þann tíma sem umsækjandi starfaði til 31. október 2023 á ársgrundvelli.
- Umsækjandi hefur ekki greitt út arð eða óumsamda kaupauka, keypt eigin hlutabréf, greitt af vijkandi láni fyrir gjalddaga eða veitt eigendum eða nákomnum aðilum lán eða aðrar greiðslur sem eru ekki nauðsynlegar til að viðhalda rekstri og rekstrarhæfi umsækjanda frá 10. nóvember 2023. Hugtakið nákominn aðili skal túlkað til samræmis við 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.
- Umsækjandi er ekki í vanskilum með opinber gjöld, skatta og skattasektir sem komnar voru á eindaga fyrir 10. nóvember 2023 og álagðir skattar og gjöld byggjast ekki á áætlunum vegna vanskila á skattframtölum og skýrslum, þ.m.t. staðgreiðsluskilagreinum og virðisaukaskattskyldum, til Skattsins síðustu þrjú ár áður en umsókn barst eða síðan umsækjandi hóf starfsemi ef það hafi verið síðar.
- Umsækjandi hefur staðið skil á ársreikningum, sbr. lög um ársreikninga, upplýst um raunverulega eigendur, sbr. lög um skráningu raunverulegra eigenda, og staðið skil á skýrslu um eignarhald á CFC-félagi (ef við á), sbr. 10. gr. reglugerðar um skattlagningu vegna eignarhalds í lögaðilum á lágs-kattasvæðum, nr. 1102/2013.
- Umsækjandi hefur ekki verið tekinn til slita eða bú hans til gjaldþrotaskipta.

Með undirritun á umsókn þessa lýsir umsækjandi því yfir að umsækjandi uppfylli öll ofangreind skilyrði stuðningsláns með ríkisábyrgð. Umsækjandi skuldbindur sig enn fremur til þess að greiða engar greiðslur sem falla undir d) lið hér að ofan þar til öll stuðningslán sem kunna að verða veitt umsækjanda á grundvelli laga nr. 130/2024 hafa verið að fullu greidd.

Veiting stuðningslána er enn fremur háð því að umsækjandi uppfylli almenn skilyrði í lánareglum Íslandsbanka hf.

Þóknun

Umsækjandi skal greiða Íslandsbanka þóknun sem nemur 2% af fjárhæð stuðningsláns. Þóknunin dregst af útborgun lánsins.

Upplýsingaöflun

Með undirritun staðfestir umsækjandi að honum sé kunnugt um að Skattinum er heimilt, á grundvelli 3. mgr. 6. gr. laga nr. 130/2024, samkvæmt beiðni Íslandsbanka hf., að miðla upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að meta hvort umsækjandi um stuðningslán uppfylli skilyrði fyrir lánveitingu og hvert hámark hennar geti orðið. Lánastofnanir sem fá aðgang að slíkum gögnum eru bundnar þagnarskyldu um veittar upplýsingar og er óheimilt að nýta þær í öðrum tilgangi.

Íslandsbanki hf. kann að kalla eftir frekari gögnum og upplýsingum en í umsókninni greinir, svo sem með því að óska eftir heimild til þess að kalla eftir skuldastöðuyfirliti Creditinfo.

Umsækjandi ábyrgist réttmæti þeirra upplýsinga sem hann veitir bankanum um fjárhags- og eignastöðu sína í tengslum við umsóknina og að upplýsingar sem umsækjandi skilar og liggja til grundvallar ákvörðun fjárhæðar stuðningslána séu réttar. Reynist upplýsingar og/eða gögn sem umsækjandi leggur til, vera rangar eða gefa með einhverjum hætti ranga eða villandi mynd af fjárhags- og eignastöðu umsækjanda eftir að umsóknin hefur verið samþykkt hefur bankinn heimild til þess að afturkalla samþykkið og falla frá fyrirhugaðri lánveitingu.

Öll gögn sem Íslandsbanki hf. aflar vegna stuðningslána verða varðveitt hjá bankanum í 10 ár. Umsækjandi heimilar Íslandsbanka að veita fjármála- og efnahagsráðuneytinu allar þær upplýsingar sem ráðuneytið óskar eftir á hverjum tíma og ráðuneytið telur nauðsynlegar vegna veittra stuðningslána með ábyrgð ríkissjóðs, auk lýsigagna.

Nýting

Stuðningslán má aðeins nýta til að standa undir rekstrarkostnaði umsækjanda eða til að byggja upp starfsemi utan Grindavíkurbæjar telji umsækjandi að ekki séu forsendur fyrir áframhaldandi rekstri á svæðinu vegna jarðhræringa. Óheimilt er að nýta stuðningslán til að borga af eða endurfjármagna önnur lán.

Samþykki

Framangreindu til staðfestingar undirritar umsækjandi umsóknina með eigin hendi eða rafrænni undirskrift í samræmi við lög um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019.

Staður

Dagsetning (DD.MM.AAAA)

Undirskrift f.h. umsækjanda

Undirskrift f.h. umsækjanda